



HRUNAMANNAHREPPUR

76. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

17. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 22. október kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Afmælisnefnd 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps: Fundargerð 5. fundar frá 7. október 2025.

Lögð fram fundargerð 5. fundar Afmælisnefndar vegna 1150 ára afmælis Hrunamannahrepps.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

2. Fundargerð 312. fundar skipulagsnefndar frá 22. október 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. október sl.

Lögð fram fundargerð 312. fundar skipulagsnefndar frá 22. október og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. október sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 18. Galtaflöt 3: Úr frístundahúsnæði í gistihúsnæði; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Galtaflatar 3 L200921 í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að frístundahúsnæðinu er breytt í gistihúsnæði án veitingasölu. Tilgangur umsóknarinnar er að reka þar lítið gistihús/gistheimili sem þjónusti ferðafólk með svefnplássi án veitingareksturs. Einungis verður boðin upp á gistingu, en ekki sala mat- eða drykkjarvara.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins á grundvelli stefnumörkunar aðalskipulags Hrunamannahrepps gr. 2.1.3. er varðar frístundabyggðir. Þar sem segir m.a. að heimilt sé að leigja út frístundahús í samræmi við reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Málið verði grenndarkynnt eigendum lóða innan svæðisins og fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi, ef engar athugasemdir berast á grenndarkynningartíma.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins á grundvelli stefnumörkunar aðalskipulags Hrunamannahrepps gr. 2.1.3. er varðar frístundabyggðir. Þar sem segir

m.a. að heimilt sé að leigja út frístundahús í samræmi við reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Málið verði grenndarkynnt eigendum lóða innan svæðisins og fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi, ef engar athugasemdir berast á grenndarkynningartíma.

Mál nr. 19. Syðra-Langholt: Breyttir skilmálar efnistökusvæðis E31; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga óverulegrar aðalskipulagsbreytingar, eftir afgreiðslu SLS, sem tekur til grjótnámu á Syðra-Langholti L172619 í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst stækkun á efnistökusvæði E31 úr 0,9 ha í 2,4 ha þar sem leyfileg efnistaka verður 138.000 m³ í stað 45.000 m³. Að mati Skipulagsstofnunar telst breytingin ekki óveruleg.

Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna stækkun á efnistökusvæði E31 á Syðra-Langholti í Hrunamannahreppi verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna stækkun á efnistökusvæði E31 í Syðra-Langholti í Hrunamannahreppi í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 21. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. október sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. október sl.

3. Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 128. fundar stjórnar frá 25. september 2025.

Lögð fram fundargerð 128. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings: Fundargerð stjórnar frá 13. október 2025.

Lögð fram fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

5. Bergrisinn bs.: Fundargerð 88. stjórnarfundar frá 6. október 2025.

Lögð fram fundargerð 88. stjórnarfundar Bergrisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. SASS: Fundargerð 627. fundar stjórnar frá 26. september 2025.

Lögð fram fundargerð 627. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

7. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 15. október 2025.

Lögð fram Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 81. mál.

Lagt fram til kynningar.

8. Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu, ódagss.

Lagt fram bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu um framlag vegna barna með fjölpættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir og eru vistuð utan heimilis á árinu 2025.

Lagt fram til kynningar.

9. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 15. október 2025.

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna þátttöku í skipulagðri dagskrá samstöðufunda undir yfirskriftinni kvennaverkfall, þriðjudaginn 24. október n.k.

Lagt fram til kynningar.

10. Bréf frá formanni ÖBÍ réttindasamtaka frá 9. október 2025.

Lagt fram bréf frá ÖBÍ réttindasamtökum vegna biðtíma eftir notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) sem sveitarfélög veita á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Óskað er eftir upplýsingum um umfang biðlista í hverju sveitarfélagi fyrir sig og ástæður að baki þeim.

Málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi eru rekin sameiginlega af öllum sveitarfélögum á svæðinu í gegnum byggðasamlagið Bergrisann. Starfsmenn Bergrisans halda utan um biðlista eftir þjónustu og er því eðlilegt að svör við spurningum samtakanna verði beint til þeirra.

11. Bréf frá verkefnastjóra farsældarráðs á Suðurlandi frá 12. október 2025.

Lagt fram bréf frá verkefnastjóra farsældarráðs á Suðurlandi með drögum að samstarfsyfirlýsingu um svæðisbundinn samráðsvettvang ásamt drögum að skipuriti fyrir svæðisbundið farsældarráð á Suðurlandi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða samstarfsyfirlýsingu en gert er ráð fyrir að skrifað verði undir hana á fundi SASS í vikunni. Að öðru leiti er erindið lagt fram til kynningar.

12. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn venju samkvæmt eða þann 6. nóvember, kl.14:00.

Fjárhagsleg málefni:

13. Minnisblað varðandi gatnagerðargjöld Iðjulslóð, frá 13. október 2025.

Lagt fram minnisblað varðandi gatnagerðargjöld við Iðjulslóð. En þann 21. nóvember 2024 var samþykkt tillaga um að veittur yrði 50% afsláttur af gatnagerðargjöldum atvinnulóða við Iðjulslóð. Var tekið fram að afslátturinn myndi gilda af öllum lóðum við götuna sem úthlutað yrði frá og með þeim degi og til 1. september 2025. Með þessu minnisblaði er lagt til að umræddur afsláttur verði framlengdur í ár til viðbótar eða til 1. september 2026.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að framlengja 50% afslátt af gatnagerðargjöldum við Iðjulslóð til 1. september 2026. Enn eru þar lausar til úthlutunar þrjár lóðir og sveitarstjórn vonar að afslátturinn verði hvetjandi fyrir áhugasama aðila.

14. Minnisblað vegna gagna og skjalamála, frá 20. október 2025.

Lagt fram minnisblað vegna innleiðingar stafrænnar þjónustu og gagnaumsýslu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að kaupa skjala- og málalausna kerfið Onesystem og að innleiðing hefjist í janúar 2026. Gert verður ráð fyrir kostnaði við innleiðingu og afnotum í fjárhagsáætlun ársins 2026.

Mál til kynningar:

15. Áskorun til innviðaráðherra.

Lagt fram til kynningar.

16. Boð á hátíðartónleika Tónlistarskóla Árnesinga.

Lagt fram til kynningar.

17. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 986. fundar stjórnar frá 10.10.2025.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:02.